



Reykjavík, 07. Desember 2023

Brekkusel 2-18 – USK23100326 -Fyrirspurn vegna aðkomu sjúkra- og slökkviliðs


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2023 var lögð fram fyrirspurn Brekkusels 2-18 húsfélags, dags. 26. október 2023, um að merkja aðkomu sjúkra- og slökkvilið að lóð nr. 2-18 við Brekkusel. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 07. Desember 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisskipulag, skilmálaeiningin 13



Mæliblað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Brekkusel 2-18 í skilgreindri íbúðarbyggð.

Hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Efra Breiðholt sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. maí 2022, með síðari breytingu frá 26. október 2022. Brekkusel 2-18 er innan skilmálaeiningar 6.2.13 í hverfisskipulagi.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa vegna aðkomu sjúkra og slökkviliðsbíla við Brekkusel 2-18. Íbúar hússins óska eftir því að heimilt verði að mála aftur gangstéttarkant við innkeyrslu inn á sameign Brekkusels 2-18 til að fá greiðari aðgang að húsunum nr. 10, 12, 14 og 16.

Frá fyrirspyrjanda: „Við hönnun lóðarinnar fyrir rúmlega 40 árum gerðum við ráð fyrir að aðgengi að þessum húsum yrði aðgengilegt fyrir sjúkrabifreiðar, slökkvilið, barnafólk og aldraða með því að unnt væri að aka hringinn innan sameignarinnar.

Í meira en 30 ár hefur kanturinn við innkeyrsluna verið málaður gulur og sérstakt bannmerki við að leggja bifreiðum fyrir innkeyrsluna var sett þar. Nú var málað yfir gulu merkinguna og merkið tekið af starfsmönnum Reykjavíkurborgar. „

Í Hverfisskipulagi Breiðholts eru kvaðir yfirfærðar frá eldra skipulagi vegna lóðarinnar Brekkusels 2-18 vegna aðkomu neyðaraksturs. „Inn á lóðina skal vera hægt að komast á einum stað með sjúkrabíl, brunabíl og flutningabíl þegar þörf krefur. Bílastæði eru ekki heimiluð á þessu svæði.“

Bæði það deiliskipulag sem var í gildi við uppbyggingu á svæðinu og mæliblað sýna aðkomu að lóðunum frá bílplaninu við Engjasel.

Ekki var gert ráð fyrir akstri í deiliskipulagi inn á leiksvæðið/aðkomusvæðið. Ef horft er til sambærilegra raðhúsabyrpinga í Bakkaseli, Brekkuseli, Fjarðarseli og Fljótaseli er ekki gert ráð fyrir akstri í inngarða aðkomusvæðis.

Gulmerking á kanti er einungis til ítrekunar á stöðubanni. Í Brekkuseli er ekki bann við stöðvun og/eða lagningu ökutækja, og við göngutengingar lóðarinnar við Brekkusel er ekki innkeyrsla. Eina innkeyrslan inn á lóðina er frá Engjasei. Það er því ekki bann á þessum stað við lagningu ökutækja sem hægt er að ítreka með yfirborðsmerkingu. Ef merkja ætti sérstaklega bann við því væri það meðfram öllum austurkanti og í tengslum við aðkomu neyðarbíla.

Sett var á stöðubann í Dalseli vegna þess að viðbragðsaðilar höfðu áhyggjur af akstursferlum ef eitthvað kæmi uppá í götunni. Ef ósk kæmi frá öllum íbúum botnlangans er hægt að endurskoða afstöðu okkar, en almennt er ekki verið að setja stöðubönn í botnlanga.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurnina.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Laufey B. Sigurðardóttir arkitekt